

Fundur í Fræðslunefnd

23. september 2010

Mættir: Bjarnveig, Hlöðver, Siggeir, María, Steinunn, Kristinn, Dista, Anna og Arnfríður

Dagskrá

**1. Ráðning á nýjum kennara**

Umsjónarkennari 10. bekkjar, Björgvin, hefur sagt upp störfum af persónulegum ástæðum. Sigurður Gunnarsson hagfræðingur og þjóðfræðingur frá Seyðisfirði hefur sótt um stöðuna. Fræðslunefnd mælir með ráðningu hans.

**2. Prepakerfi sem agastjórnunarkerfi**

Arnfríður bendir á agavandamál sem þarf að uppræta innan GP. Kristján Már Magnússon er væntanlegur 27. september til að aðstoða við innleiðingu agastjórnunarkerfisins og mun funda með nemendum, kennurum og foreldrum. Litið er á þetta kerfi sem tímabundið úrræði. Uppbyggingarstefnan heldur sínu striki og áhersla lögð á innleiðingu hennar hjá yngri bekkjardeildunum.

**3. Erindi v/leikskólaláss**

Foreldrar eru að sækja um vist fyrir barn sem er innan eins árs. Eins og er sér nefndin sér ekki fært að veita undanþágu og taka við þessu barni sökum aldurs þess og aðbúnaðar í leikskólanum. Nefndin viðurkennir að finna þurfi lausn á vistunarmálum barna undir 18 mánaða.

**4. Skólastjóri GP**

Arnfríður fór yfir stöðu mála.

**5. Skólastjóri GBF**

María leggur fram skóladagatal. Helstu breytingar eru að próf hafa verið færð af haustönn yfir í janúar.

Kominn er nýr kennari, Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir.

Sjálfsmat og endurmat skólans er í vinnslu og sat skólastjóri nýverið fund með öllum skólastjórum á Austfjörðum. María vill heldur samræma sjálfsmat og endurmat skólanna hér og þeir fari í gegnum þetta saman.

Dagatal lagt fram til samþykktar. Samþykkt einróma.

**6. Skólastjóri LP**

Steinunn lagði fram skóladagatal leikskólans og kynnti vetrarstarfið.

Könnun var gerð s.l. vor og niðurstöður með niðurstöðum hefur verið send sveitarstjórn.

Uppbyggingarstefnan hefur breytt miklu um innra starf skólans sem er farið að smita mikið út frá sér. Starfsfólk hittist mánaðaralega og fer yfir áhersluatriði stefnunnar.

Mikilvægt er að viðhalda góðu samstarfi milli skólastiga.

Siggeir leggur fram fyrirspurn um samhæfingu skóladagatala. Arnfríður leggur til að þau verði gerð að vori og lögð fram til samþykktar.

Dagatal lagt fram til samþykktar. Samþykkt einróma.

7. Annað

Mál lagt fyrir sem skráist í trúnaðarbók.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl.20.12